

Parlogis ehf.
Krókhálsi 14
110 Reykjavík

Reykjavík, 16. desember 2021
UST202110-293/F.K.
07.10.02

Niðurstaða eftirlits - Sólarvarnir- Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 20.5.2021 þar sem tilkynnt var um eftirlitsverkefni með snyrtivörum, nánar tiltekið sólarvörnum og meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Í eftirliti Umhverfisstofnunar með merkingum, innihaldsefnum og skráningu í snyrtivöruvefgátt ESB (CPNP) fyrir sólarvarnir sem fór fram í Apóteki Suðurlands, Austurvegi 24-25, Selfossi var skoðuð varan *Actinica sun lotion* sem fyrirtækið Parlogis ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Varan reyndist ekki falla undir snyrtivörureglugerð þar sem hún er merkt sem lækningatæki í flokki I og ber CE merkingu. Hún fellur því úr umfangi eftirlitsins og telst máli þessu þar af leiðandi lokið af hálfu stofnunarinnar.

Upplýsingar um snyrtivörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar <https://ust.is/atvinnulif/efni/snyrtivorur/>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar Fífu Konráðsdóttur varðandi snyrtivörur í síma 591-2000 eða gegnum netfangið fifak@ust.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir,
sérfræðingur

Björn Gunnlaugsson,
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla